

Á þessu blaði og næsta eru leiðbeiningar um úthreinsun sem er nauðsynlegur undirbúningur fyrir

## Skyggirannsókn af ristli

Mæta í rannsókn dags: \_\_\_\_\_ kl: \_\_\_\_\_

**Frábendingar:** Pungun. Lesið einnig leiðbeiningarnar sem fylgja Moviprep.

**Með þessu blaði á að fylgja**

- 1 pakki MOVIPREP sem inniheldur 4 poka með dufti til að blanda í vatn.
- Leiðbeiningar um blöndun og notkun eru á næsta blaði.

## Undirbúningur hefst 2 dögum fyrir rannsókn

Fylgið leiðbeiningunum á næstu blaðsíðu,  
gott að merkja við það sem er búið jafnóðum

Við mælum með því að í viku fyrir rannsókn forðist þú trefjar, gróf fræ, kíví og annað grófmæti. Takir þú járntöflur skaltu gera hlé á því.

### Tært fljótandi fæði í tvo sólarhringa fyrir skyggirannsókn

Tært fljótandi fæði er til dæmis vatn, tærar súpur, ávaxtasafar án aldinkjöts, ávaxtahlaup (jello), gosdrykkir, svart kaffi og te. Athugið að ekki má drekka mjólk, rjóma eða gervirjóma, og ekki neyta fastrar fæðu. Það er mikilvægt að líkaminn fái nægan sykur og því er best að forðast sykurlausa drykki.

### Framkvæmd rannsókna:

- Rannsóknin tekur um 30 mínútur. Fara þarf úr öllum fötum og í slopp áður en rannsókn hefst.
- Þú leggst á vinstri hlið og dregur að þér hnén, settur er upp stautur í endaparm (stólpípa) sem þarf að reyna að halda inni meðan á rannsókn stendur. Baríum skuggaefni er látið renna upp í ristilinn, tekna eru nokkrar myndir þannig. Svo er efnið látið renna til baka og lofti pumpað inn um stautinn í endaparminum til þess að víkka ristilinn. Þú verður beðin/nn um að liggja ýmist á bakinu, á grúfu og á hlið á meðan á rannsókn stendur.
- Gefið er lyf í æð sem slakar á ristlinum og minnkar þarmahreyfingar.
- Notað er skyggnitæki sem sendir röntgengeisla gegnum líkamann.

### Niðurstöður:

Að myndatöku lokinni er rannsóknin metin af röntgenlækni. Niðurstaða er send tilvísandi lækni daginn eftir.

### Eftir rannsókn:

Þér er óhætt að borða eins og þú sjálf/ur treystir þér til og einnig er óhætt að aka eftir rannsókn.

## Ítarlegar leiðbeiningar

Það er mjög mikilvægt að fylgja leiðbeiningunum í hvívetna. Gott er að merkja við það sem búið er jafnóðum. Öll lyf á að taka eins og venjulega, en það getur þurft að aðlaga tímasetningar, sjá hér neðar.

### Dagur 1

- Tært fljótandi fæði
- Drekkja minnst 2 lítra á sólarhringnum

### Dagur 2

Áfram tært fljótandi fæði. Þeir sem vanir eru að taka lyf seinnipartinn ættu að gera það annað hvort einni klukkustund áður en Moviprep er drukkið, eða einni klukkustund eftir að því er lokið.

#### Moviprep blandað

Setjið innihaldið úr einum poka A og einum poka B í ílát, bætið við 1 lítra af vatni og hrærið þar til lausnin er því sem næst tær. Þyki blandan bragðvond getur hjálpað að drekka hana kalda og með röri. Brjóstsykur getur einnig hjálpað.

- \_\_\_\_\_ Fyrir klukkan 9 skaltu neyta að minnsta kosti 250ml af tærri fljótandi fæðu.
- \_\_\_\_\_ Um kl. 12 skaltu neyta að minnsta kosti 250ml af tærri fljótandi fæðu.
- \_\_\_\_\_ Frá 14 til 15: Drekkja 500ml af vatni
- \_\_\_\_\_ Kl. 16: 200ml af tærri fljótandi fæðu.
- \_\_\_\_\_ Kl. 17: Byrjaðu að drekka fyrri skammtinn af Moviprep og drekkja 100ml á 10mín fresti.
- \_\_\_\_\_ Frá kl. 20 til 22: Drekktu 500ml af vatni.

### Dagur 3, rannsóknardagur

Þeir sem vanir eru að taka lyf að morgni ættu að gera það annað hvort einni klukkustund áður en Moviprep er drukkið, eða einni klukkustund eftir að því er lokið.

- Kl. \_\_\_\_\_ (4 tímum fyrir rannsókn): Byrja að drekka seinni Moviprep blönduna og drekkja 100ml á 10mín fresti.
- Kl. \_\_\_\_\_ (hálf tíma fyrir rannsókn): Drekkjið amk 250ml af tærum sykrudrum drykk.
- Takið gjarnan með eitthvað létt, t.d. banana eða orkudrykk til að neyta strax eftir rannsókn.